

fyrir sum utanríkisskip, er sigla til Íslands, hefir Hans Hátign konúnginum, eptir tillögum dómsmálastjórnarinnar, 1. dag þ. m. allramildlegast þóknast að skipa svo fyrir, samkvæmt lögnum um siglíngar og verzlun á Íslandi 15. dag aprílmánaðar 1854, 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bretlandi og Írlandi, Prússalandi eða í Svíaríki og Noregi, eigi framvegis fyrst um sinn, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greindum lögum, enn fremur að greiða 2. rðla aukagjald af hverju lestarúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að fullgild sönnun verði færð fyrir því, að skip þegna Danakonúngs hafi jafnrætti bæði í tilliti til tolls og skipagjalda, við innlend skip í því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land eptir samningi við hina dönsku stjórn sé undan þegið ákvörðuninni í 7. gr. í opt nefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

1856.
2. apríl.

6. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins á Íslandi um fermingu mál- og heyrnarlausrar stúlku. 12. apríl.

Herra biskupinn hefir í þóknanlegu bréfi 29. febrúar þ. á. sent bréf frá prófastinum í Húnavatns sýslu J. Jónssyni, og biður hann í því um leyfi að mál- og heyrnarlaus stúlka, Björg Ólafsdóttir á Staðarbakka, megi ná fermingu og verða hluttakandi í kvöldmáltíðar sakramentinu, og hafið þér um þetta gjört þá athugasemd, að stúlka þessi, sem er 22 ára að aldri, hafi fengið gott uppeldi, eptir því sem unnt er, hjá stjúpna sínum prestinum G. Gíslasyni á Staðarbakka, svo hún með bendíngum hefir numið hinar mest áriðandi trúarbragða greinir, og hafi sjálf ákafa laungun til að ganga til altaris. En þar þetta, samkvæmt tilskipun 13. janúar 1736 og tilskipun 25. maí 1759 1. gr., ekki getur átt sér stað fyri en hún er staðfest, hafið þér farið fram á að hið umbeðna yrði leyft.

1856. Samkvæmt því sem þér þannig hafið frá skýrt, vil eg ekki
 12. apríl. láta hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og
 frekari auglýsingar, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti því,
 að hin áður nefnda mál- og heyrnarlausu stúlka verði fermð.

22. apríl. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norð-
 ur- og austur-umdæminu um skilning á prentfrelsis-
 lögnum.**

Herra amtmaðurinn hefir sent dómsmálastjórninni Nr. 1 og
 2 og Nr. 3 af blaðinu „Þjóðólfi“ fyrir árið 1855, og hafið þér
 um leið í bréfi 30. desember f. á. beðizt þess, að höfðað væri
 mál að tilhlutun hins opinbera gegn ábyrgðarmanni nefnds blaðs,
 lögfræðingi J. Guðmundssyni, fyrir efnið í grein þeirri í nefnd-
 um númerum, sem hefir þessa yfirskrift: „úr bréfi til ábyrgð-
 armanns Þjóðólfs frá bónda í Norðurlandi, dagsett 1. október
 1855“, og að stiptamtmanninum á Íslandi í því skyni væri skipað
 það sem með þyrfti, og hafið þér getið þess, að ef þér sjálfir
 ættið að höfða málið gegn áður nefndum ábyrgðarmanni, þá
 mundi þetta hafa miklu minni þýðingu og þarhjá vera fleirum
 vandkvæðum bundið, og það þó yður væri veitt málsfærslan
 ókeypis.

Stjórnarráðið verður nú að leiða athygli yðar að því, að
 samkvæmt ákvörðunum í 13. gr. samanbornum við 9. gr. í til-
 skipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum
 breytingum, lög 3. janúar 1851 um prentfrelsi, getur, þegar
 svo er ástatt eins og hér, ekki orðið höfðað mál að tilhlutun
 hins opinbera. Stjórnin verður því að leggja herra amtmann-
 inum það í sjálfs vald, hvort þér vilið á eigin kostnað höfða
 mál gegn hlutadeiganda ábyrgðarmanni, ef þér finnið ástæður til
 þessa, og megi þér þá, þegar þér beiðist þess, vonast eptir að
 fá leyfi til að flytja málið kauplaust.